

01. DESEMBER  
2022

HARPA  
ELDBORG

# Aðventu- tónleikar



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

**Tímalengd verka:**

Forleikur: 8'

Kantata: 11'

Konsert: 10'

Ombra mai fu: 3'

Vivi, tiranno: 5'

Sinfónía: 35'

**Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Aðventutónleikar Sinfóníunnar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

### Jonathan Cohen

Hljómsveitarstjóri

### Tim Mead

Einsöngvari

### Vera Panitch

Einleikari

### Steiney Sigurðardóttir

Einleikari

### María Antonía Walpurgis

Talestri, regina delle amazzoni, forleikur (1760)

Allegro - Andantino - Allegro

### Antonio Vivaldi

Cessate, omai cessate, kantata RV 684 (1727-28)

Söngles: Cessate, omai cessate

Áría: Ah ch'infelice sempre

Söngles: A voi dunque ricorro

Áría: Nell'orrido albergo ricetto di pene

### Antonio Vivaldi

Konsert fyrir fiðlu og selló í B-dúr, RV 547

Allegro

Andante

Allegro molto

### Georg Friedrich Händel

Ombra mai fu, áría úr Xerxesi (1738)

Vivi, tiranno, áría úr Rodelindu (1725)

### Hlé

### Wolfgang Amadeus Mozart

Sinfónía nr. 40 í g-moll, KV 550 (1788/1791)

Molto allegro

Andante

Menuetto. Allegretto

Allegro assai

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Jonathan Cohen

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Jonathan Cohen er í fremstu röð breskra tónlistarmanna af sinni kynslóð og hefur getið sér orð fyrir allt þrennt: hljómveitarstjórn, sellóleik og hljómborðsleik. Hann er þekktur fyrir þá rækt sem hann leggur við kammermúsík og er jafn vel heima í flutningi barokkópera og klassískra símfónískra verka. Hann stýrir sinni eigin kammersveit, Arcangelo, sem hann stofnaði árið 2010, og hefur með henni komið fram í virtum tónleikasölum eins og Wigmore Hall í Lundúnum, Fílharmoníunum í Berlín og Köln, Musikverein í Vínarborg, Carnegie Hall í New York, á Salzburgarhátíðinni og Proms tónlistarhátíð breska útvarpsins. Auk þess að stýra Arcangelo er Cohen tónlistarstjóri kanadíska barokkhópsins Les Violons du Roy, listrænn stjórnandi Tetbury tónlistarhátíðarinnar á Englandi og listrænn ráðgjafi Saint Paul-kammer-sveitarinnar í Minnesota.

Cohen hefur stjórnað símfóníuhljómsveitum beggja vegna Atlantsála, m.a. Búdapest hátíðarhljómsveitinni, Símfóníuhljómsveit Hamborgar, Sænsku útvarps-hljómsveitinni og Símfóníuhljómsveitinni í Seattle. Hann stjórnaði Símfóníuhljómsveit Íslands á aðventutónleikum árið 2017 og vakti þá mikla hrifningu hljómsveitar jafnt sem tónleikagesta.

Jonathan Cohen og Arcangelo-sveitin hafa gert margar hljóðritanir, m.a. með úrvalssöngvurum eins og Önnu Prohaska, Christopher Purves og Iestyn Davies. Bach-kantötur í flutningi Davies og Arcangelo hlutu Gramophone-verðlaunin í flokki barokktónlistar og diskur með sellókonsertum Carls Philipps Emanuels Bach, sem sveitin hljóðritaði ásamt Nicolas Altstaedt, vann til verðlauna BBC Music Magazine.



# Tim Mead

## EINSÖNGVARI

Enski kontratenórinn Tim Mead hefur hlotið mikið lof fyrir hlýja, þetta rödd sína og heillandi túlkun. Hann stundaði nám við King's College í Cambridge og hlaut síðan styrk til framhaldsnáms við Royal College of Music í Lundúnum. Hann syngur jöfnum höndum barokktónlist og hlutverk í nútímaóperum. Af þeim síðarnefndu má nefna titilhlutverkið í *Akhnaten* eftir Philip Glass og Oberon í *A Midsummer Night's Dream* eftir Benjamin Britten. Í barokktónlist hefur Mead ekki síst lagt sig eftir verkum Händels. Hann hefur til að mynda sungið titilhlutverkin í óperunum *Júlíusi Sesar* og *Admeto*, *Ottone* í *Agrippinu*, *Hamor* í *Jephtha*, *Bertarido* í *Rodelindu* og *Goffredo* og *Eustazio* í *Rinaldo* og tekið þátt í flutningi á mörgum af óratoríum tónskáldsins, svo sem *Messíasi*, *Júdasi Makkabeusi*, *Salómon*, *Sál*, *Semele* og *Theodóru*. Hann syngur titilhlutverkið í óperu Händels, *Amadigi*, á nýrri hljómplötu sem kom út á vegum Chandos útgáfunnar nú í september, og í janúar er von á plötunni *Sacroprofano* þar sem hann flytur verk eftir Antonio Vivaldi ásamt Arcangelo-sveitinni undir stjórn Jonathans Cohens.

Mead hefur komið fram með ótal hljómsveitum og unnið með mörgum fremstu túlkendum barokktónlistar. Auk Arcangelo og Jonathans Cohen má nefna William Christie og Les Arts Florissants, Christian Curnyn og Early Opera Company, Akademie für Alte Musik Berlin, Raymond Leppar, Mark Minkowski, Raphaël Pichon, Harry Christophers og Masaaki Suzuki.



# Vera Panitch og Steiney Sigurðardóttir

## EINLEIKARAR

Þær Vera Panitch fiðluleikari og Steiney Sigurðardóttir sellóleikari eru báðar félagar í Sinfóníuhljómsveit Íslands og skipa auk þess dúóið Eddu. Fyrstu tónleikar Eddu voru í Eldborgarsal Hörpu vorið 2020 og síðan hafa þær Vera og Steiney haldið fjölda tónleika, bæði á Íslandi og í Danmörku. Dúó Edda leggur mikla áherslu á að flytja tónlist frá Norðurlöndunum og leitast við að hafa að minnsta kosti eitt norrænt verk á hverri efnisskrá. Í nóvember 2020 hlaut dúóið þriðju verðlaun í kammermúsíkkeppni á vegum dönsku útvarpsstöðvarinnar P2.

Vera Panitch fæddist árið 1993 í Kaupmannahöfn og hóf fiðlunám þar hjá Arkadíj Zelianodjevo. Árið 2005 fluttist hún til Seattle og hélt þar áfram námi hjá fiðluleikaranum Yuriy Mikhlin. Fimmtán ára gömul hóf hún nám við Konunglega danska tónlistarháskólann, þar sem fiðluleikarinn Alexandre Zapolski var kennari hennar, og þaðan lauk hún einleikaranámi með hæstu einkunn. Í Kaupmannahöfn lagði hún einnig stund á kammermúsik undir handleiðslu Tim Frederiksen. Vera hefur unnið til verðlauna í mörgum keppnum í Danmörku og víðar. Hún gegnir stöðu annars konsertmeistara hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Steiney Sigurðardóttir er fædd árið 1996. Hún hóf sellónám fimm ára gömul hjá Örnólfi Kristjánssyni og lauk framhaldsprófi frá Tónskóla Sigursveins vorið 2012 undir handleiðslu Gunnars Kvaran, aðeins 16 ára gömul. Eftir það var hún nemandi Sigurgeirs Agnarssonar við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík þaðan sem hún lauk burtfararprófi og hlaut fyrir það styrk Halldórs Hansen. Steiney stundaði framhaldsnám hjá prófessor Francis Gouton við Tónlistarháskólann í Trossingen í Þýskalandi. Hún hefur gegnt starfi staðgengils leiðara í sellódeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2019 og komið fram sem einleikari með sveitinni.



Forleikurinn hefur hljómað einu sinni áður á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands; það var í október 2019 þegar Matthew Halls hélt um tónsprotann.

# María Antonía Walpurgis

## FORLEIKUR AÐ TALESTRI, REGINA DELLE AMAZZONI

Hin fjöhlæfa María Antonía Walpurgis Symphorosa (1724–1780) fæddist í München, fjórða af sjö börnum erkihertogaynjunnar Maríu Amalíu af Austurríki og kjörfurstans af Bæjaralandi sem síðar átti eftir að verða Karl sjöundi Þýskalandskeisari. Hún hlaut afbragðsmentun, eins og hæfa þótti svo aðalborinni stúlku, og lagði stund á málalíst og ljóðagerð auk tónlistar.

María Antonía stundaði tónsmíðanám í heimaborg sinni hjá ítölsku óperutónskáldunum Giovanni Battista Ferrandini og Giovanni Porta. Óperur voru frá upphafi snar þáttur í lífi hennar; foreldrar hennar fögnuðu fæðingu hennar með óperuflutningi og þegar hún giftist árið 1747 voru tvær óperur færðar upp í tilefni af brúðkaupinu. Brúðguminn var frændi brúðarinnar, Friðrik Kristján erfðaprins í Dresden, sem síðar varð kjörfursti í Saxlandi og var einnig hæfileikaríkur músíkant. María Antonía hélt áfram tónlistarnámi í Dresden hjá tónskáldunum Johann Adolf Hasse og Nicola Porpora og samdi fjölda verka, bæði kirkjuleg og veraldleg. Hún tók virkan þátt í flutningi eigin verka bæði sem semballeikari og sópransöngkona. Tvær óperur hennar hafa varðveist, *Il trionfo della fedeltà* (Sigur trúfestinnar) frá 1754 og *Talestri, regina delle amazzoni* (Palestris, drottning Amasóna) sem frumflutt var í München árið 1760. María Antonía samdi sjálf líbrettóið við óperurnar. Þær voru gefnar út á prenti af forlaginu Breitkopf í Leipzig og færðar upp víða í Evrópu.

Í *Talestri* takast á tvær þjóðir, karlþjóðin Skýpar og kvenþjóðin Amasónur. Í upphafi verksins er prinsessan Palestris krýnd drottning Amasóna, að móður sinni látinni, og henni er gert að sverja þess eidd að leggja fæð á alla karlmenn. Það gerir hún reyndar nauðug, því hún hefur þegar fellt hug til erfðaprins Skýpa sem hefur um skeið dvalist með Amasónum, dulbúinn sem kona. Elskendurnir verða að ráða fram úr margvíslegum þrautum áður en yfir lýkur en óperan endar á því að þjóðirnar semja frið sín í milli og þau fá að eigast.



# Antonio Vivaldi

## CESSATE, OMAI CESSATE, KANTATA RV 684

Antonio Vivaldi (1678–1741), rauðhærði tónsnillingurinn frá Feneyjum, er frægur fyrir óhemju afköst á sviði tónsmíða. Hann er til að mynda talinn hafa samið um fimm hundruð konserta, en öðru máli gegnir reyndar um kammerkantötur (stundum nefndar sólókantötur), verk samin fyrir einn einsöngvara sem ýmist er studdur af fylgirödd eingöngu eða nokkrum strengjahljóðfærum. Einungis 37 slíkar kantötur úr penna Vivaldis hafa varðveist og þær lágu að mestu gleymdar í meira en tvö hundruð ár. Á síðustu áratugum hafa tónlistarmenn dustað rykið af þessum verkum og fundið þar ýmsar perlur, svo sem kantötuna sem hljómar hér í kvöld.

Kammerkantötur voru vinsælt tónlistarform alla sautjándu öldina og fram á þá átjándu. Þær voru oft samdar til flutnings á samkomum í heimahúsum, þar sem farið var með ljóð og tónlist leikin milli þess sem bornar voru fram veitingar og gestir gripu í spil. Texti kantatanna var ortur gagnert fyrir tilefnið; yrkisefnin voru ávallt af veraldlegum toga, mest sungið um ástina – gjarnan undir formerkjum hjarðljóða þar sem fjárhirðar og skógardísir skoppa um í ímynduðum yndisreit. *Cessate, omai cessate* er í hefðbundnu kantötuformi og þar skiptast á söngles og aríur. Söngvarinn harmar kaldlyndi vinu sinnar Dorillu og óskar sér dauða svo hann geti komið fram hefndum í ríki Hadesar.



## KONSERT FYRIR FIÐLU OG SELLÓ Í B-DÚR, RV 547

Langflesta konserta sína samdi Vivaldi fyrir nemendur sína í Ospedale della Pietà, skóla fyrir munaðarlausar stúlkur í Feneyjum. Hann var ráðinn þangað sem fiðlukennari árið 1703 og starfaði við skólann með hléum í nærri fjóra áratugi. Í Ospedale della Pietà var mikil áhersla lögð á tónlistarmenntun; þar var starfrækt rómuð nemendahljómsveit, stúlkurnar komu reglulega fram á tónleikum og fluttu verk sem samin voru af tilefninu.

Í flestum konsertum Vivaldis leikur aðeins eitt einleikshljóðfæri á móti hljómsveitinni, langoftast fiðla þótt einnig hafi varðveist ýmsir konsertar hans fyrir önnur hljóðfæri. En stundum eru einleikararnir fleiri, ýmist á sams konar hljóðfæri (t.d. tvö óbó eða fjórar fiðlur) ellegar þá að mismunandi hljóðfærum er stefnt saman eins og í konsertinum fyrir fiðlu og selló sem hér er fluttur. Engar upplýsingar er að finna um það hvenær Vivaldi festi þennan konsert á blað. Hann er í hefðbundnu þriggja þátta formi. Í útpáttunum eru einleikshljóðfærin fremst meðal jafningja, leika með hljómsveitinni en bregða svo á sinn tvíleik þess á milli. Í hæga þættinum eiga fiðlan og sellóið sviðið, eingöngu studd af sembal og fylgirödd.

Hvorki kantatan né þessi konsert hafa áður verið á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitin hefur nokkrum sinnum flutt aðra konserta eftir Vivaldi og hafa einleikarar þá gjarnan komið úr röðum hennar. Af þeim má nefna fiðlu-leikarana Björn Ólafsson, Bryndísi Pálsdóttur, Laufeyju Sigurðardóttur, Lin Wei og Andrzej Kleina, sellóleikarann Pétur Þorvaldsson og trompetleikarana Jón Sigurðsson og Lárus Sveinsson. Konsertar eftir Vivaldi hafa margoft hljómað á jólatónleikum Kammersveitar Reykjavíkur og þess er skemmst að minnast að hinn 19. nóvember síðastliðinn flutti Barokksveit Breiðholtskirkju tvo konserta og tvær kantötur á tónleikum sem helgaðir voru Feneyjameistararum.



# Georg Friedrich Händel

## OMBRA MAI FU, ARÍA ÚR XERXESI

Xerxes, ein af mörgum óperum í ítölskum stíl sem Händel (1685–1759) samdi fyrir King's Theatre í Lundúnum, gerist í Persía á 5. öld f. Kr. og aðalpersónurnar í verkinu – þar á meðal titilpersónan Xerxes Persakonungur – eiga sér sögulegar fyrirmyndir. Söguþráðurinn hverfist um flókin ástamál eins og hefðbundið var í óperum þessa tíma en að öðru leyti var margt óvenjulegt í þessu verki Händels.

Í stað þess að nota libretto skrifað af samtímamanni kaus tónskáldið að láta aðlaga fyrir sig 17. aldar verk sem Giovanni Bononcini hafði notað í óperu nokkrum áratugum fyrr. Þá tíðkaðist að hafa gamanhlutverk í óperum í bland við hinar göfugu (og alvarlegu) persónur sem sagan hverfðist um. Þannig er það í *Xerxes* og það glampar auk þess víðar á gamansemi í verkinu, til að mynda í opunaratriðinu þar sem Persakonungur syngur aríuna *Ombra mai fu*, ástríðufullan söng til ... platanviðartrés. Arían er líka óhefðbundin að því leyti að hún er í einu lagi en ekki þrískipt eins og yfirleitt tíðkaðist, það er að fyrsti hluti væri endurtekinn eftir að sunginn hafði verið millikafli. Nýbreytnin féll áheyrendum ekki í geð, óperan var einungis flutt fimm sinnum og féll svo í gleymsku.

## VIVI, TIRANNO, ARÍA ÚR RODELINDU

Öðru máli gegndi um viðtökur *Rodelindu* sem var tekið fagnandi við frumsýningu í Lundúnum árið 1725, þrettán árum áður en *Xerxes* komst á svið. Sögu svið *Rodelindu* er Langbarðaland á Ítalíu. Þar segir af drottningu Langbarða sem í upphafi verksins grætur eiginmann sinn, Bertarido konung, sem hún hyggur dauðan. Vonbiðillinn Grimoaldo vill fá bæði Rodelindu og hásætið og um tíma virðist það ætla að ganga eftir. Bertarido er þó fráleitt dauður en þegar hann reynir að endurheimta konu og ríki varpar Grimoaldo honum í dýflissu. Bertarido tekst að flýja úr prinsundinni og ákveður, þegar hann kemur að Grimoaldo sofandi, að þyrma lífi eljara síns og syngur um það aríuna *Vivi, tiranno*. Hjarta Grimoaldos mykist við þessa miskunn og hann færir Bertarido aftur sína fyrri tign sem og drottninguna.

Hvorug óperan, Rodelinda eða Xerxes, hefur verið færð upp hérlendis en arían *Ombra mai fu* er mörgum kunn. Hún er tíðum á efnisskrá söngnemenda og einnig oft flutt í umritunum fyrir önnur hljóðfæri, iðulega undir heitinu *Largo*. Ríkisútvarpið eignaðist snemma hljómplötu með þessari aríu í flutningi Caruso en ekki leið á löngu þar til heyrna mátti íslenska söngvara spreyta sig á henni á öldum ljósvakans: Þorstein Hannesson (1942), Hermann Guðmundsson (1944) og Önnu Þórhallsdóttur (1945). Arían hljómaði svo í lifandi flutningi Guðmundar Jónssonar á tónleikum sem hann hélt víða um land veturinn 1944–45.



# Wolfgang Amadeus Mozart

## SINFÓNÍA NR. 40 Í G-MOLL, KV 550

Það var þann 25. júlí 1788 að Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) setti punktinn aftan við fertugustu sífóníu sína. Hann var í kröggum og hafði þetta vor og sumar puðrað út tónverkum í von um að rétta við fjárhaginn. Hann lét sig meðal annars hafa að semja heilar þrjár sífóníur á um það bil þremur mánuðum og urðu þær hans síðustu verk af því tagi. Sífóníurnar ætlaði hann að láta flytja á áskriftartónleikum í Vínborg þetta sumar en óvist er að nokkuð hafi orðið af þeim. Þótt hraðinn í tónsmíðunum væri mikill kom það hvergi niður á gæðunum. Mozart hafði eflst jafnt og þétt sem tónskáld, ekki síst eftir að hann fluttist til Vínar 1781. Hann skaraði fram úr öðrum að frumleika og fimi, reyndi á mörk þekktra tónsmíðaaðferða og glæddi hefðbundin form nýju lífi. Síðustu sífóníurnar þrjár, nr. 39, 40 og 41, þykja allar meðal bestu verka hans.

Sífnónían í g-moll hefst á hröðum þætti sem sækir ýmislegt til dramatískra aría hinnar ítölsku óperu hefðar og minnir á að Mozart hafði, þegar þarna var komið sögu, haslað sér eftirminnilega völl á því sviði. Strengirnir leika órólegt upphafsstef með hálf tónsbilum í ætt við andvörp. Það leiðir yfir í síðara stefið (í dúr) og blásturshljóðfæri bætast við. Síðan tekur við úrvinnslukafli þar sem upphafsmótífið þræðir sig í gegnum ýmsar tóntegundir og loks er síðara stefið ítrekað í moll áður en þátturinn rennur sitt skeið. Hægi þátturinn hefst rólega en vefur hans þykkar með ómstríðri spennu sem þéttist og slaknar á víxl og í þriðja þætti snýr Mozart hinum settlega hirðdansi, menúettinum, upp í talsvert æsilegri dans með rólegra millitríói. Í lokþættinum stillir tónskáldið sig um að búa sífóníunni sólríkan endi. Fyrra aðalstefið er í upphafstóntegundinni g-moll, hið síðara færir okkur yfir í B-dúr áður en hin virtúósíska úrvinnsla hefst. Hún er á köflum ófyrirsjáanleg en endar í fjörugum fugato-leik áður en botninn er sleginn í þetta ástríðuþrungna verk.

Sífnónía nr. 40 var fyrsta sífnónía Mozarts sem hljómaði á tónleikum á Íslandi, í flutningi Fílharmóníusveitar Hamborgar undir stjórn Jóns Leifs árið 1926. Hin nýstofnaða Sífnóníu-hljómsveit Íslands lék sífnóníuna svo á tónleikum í Þjóðleikhúsinu þann 18. maí 1950 sem Róbert A. Ottósson stjórnaði. Áheyrendur fögnuðu flutningnum svo ákaft að hljómsveitin varð að endurtaka 3. þátt verksins. Sí hefur leikið verkið oft síðan og stjórnendur hafa meðal annars verið Vladimir Ashkenazy (1974), Jean-Pierre Jacquillat (1977), Peter Maxwell Davies (1992), Philippe Entremont (2001) og Matthew Halls (2009). Sífnónían var leikin af Sífnóníuhljómsveit Norðurlands í Glerárkirkju árið 2003 undir stjórn Guðmundar Óla Gunnars-sonar og í Hofi 2016 þegar Daníel Bjarnason hélt um tónsprotann.

*Svanhildur Óskarsdóttir*

## Cessate, omai cessate

### *Recitativo*

Cessate, omai cessate,  
rimenbranze crudeli  
d'un affetto tiranno;  
già barbare e spietate  
mi cangiaste i contenti  
in un immenso affanno.  
Cessate, omai cessate,  
di lacerarmi il petto,  
di trafiger mi l'alma,  
di toglier al mio cor riposo, e calma.  
Povero core afflitto e abbandonato,  
se si toglie la pace  
un affetto tiranno,  
perché un volto spietato, un alma infida  
la sola crudeltà pasce ed annida.

### *Aria*

Ah, ch'infelice sempre  
me vuol Dorilla ingrata,  
ah, sempre più spietata  
m'a stringe a lagrimar.  
Per me non v'è ristoro,  
per me non v'è più speme.  
E il fier martoro  
e le mie pene,  
solo la morte  
può consolar.

### *Recitativo*

A voi dunque ricorro,  
orridi spechi, taciturni orrori,  
solitari ritiri ed ombre amiche;  
tra voi porto il mio duolo,  
perché spero da voi quella pietade  
che Dorilla inumana non annida.  
Vengo, spelonche amate,  
vengo, spechi graditi,  
alfine meco involto  
in mio tormento in voi resti sepolto.

## Hættið, hættið loksins

### *Söngles*

Hættið, hættið loksins,  
grimmilegu minningar  
um harðúðuga ást;  
jafnt harðbrjósta sem miskunnarlausar  
hafið þið breytt hamingju minni  
í ógnarlega angist.  
Hættið, hættið loksins  
að sundurtæta brjóst mitt,  
að nísta sál mína,  
að ræna hjarta mitt hvíld og ró.  
Vesalings hjarta, sorgmætt og yfirgefið,  
þegar harðúðug ást  
sviptir þig friði,  
því að grimmileg ásýnd, ótrú sál,  
býr ekki yfir og elur ekki á neinu nema grimmd.

### *Aria*

Æ, Dórilla hin vanþakkláta  
óskar mér linnulausrar vansældar,  
æ, sífellt grimmúðlegri  
þvingar hún fram tár mín.  
Fyrir mig er engin betrun,  
fyrir mig er engin von.  
Og þessa heiftarlegu kvöl  
og þínu mína  
fær ekkert sefað  
nema dauðinn.

### *Söngles*

Því sný ég aftur til yðar,  
ömurlegu hellar, þögulu skelfingar,  
einmanalegu verustaðir og vinalegu skuggar;  
yður færi ég hryggð mína,  
því að ég vona að fá frá yður þá samúð  
sem miskunnarlaus Dórilla býr ekki yfir.  
Ég kem, ástfólgnu hellisskútar,  
ég kem, kærkomnu jarðholur,  
þar til ég að lokum hvíli í yður grafinn,  
sveipaður í kvöl mína.

### Aria

Nell'orrido albergo,  
ricetto di pene,  
potrò il mio tormento  
sfogare contento,  
potrò ad alta voce  
chiamare spietata  
Dorilla l'ingrata,  
morire potrò.

Andrò d'Acheronte  
su la nera sponda,  
tingendo quest'onda  
di sangue innocente,  
gridando vendetta  
ed ombra baccetta  
vendetta farò.

*Höfundur óþekktur*

### Ombra mai fu

Úr „Serse“

Serse:

Frondi tenere e belle  
Del mio platano amato,  
Per voi risplenda il fato.  
Tuoni, lampi e procelle  
Non v'oltraggino mai la cara pace.  
Nè giunga a profanarvi austro rapace!

Ombra mai fù  
Di vegetabile  
Cara ed amabile  
Soave più.

*Silvio Stampiglia byggði á texta  
eftir Nicolò Minato*

### Vivi, tiranno!

Úr „Rodelinda“

Bertarido:

Vivi, tiranno!  
Io t'ho scampato  
svenami, ingrato,  
sfoga il furor.  
Vollti salvarti  
sol per mostrarti  
ch'ho di mia sorte  
più grande cor.

*Nicola Francesco Haym*

### Aria

Í þessum hræðilega gististað,  
athvarfi frá kvöl minni,  
mun ég geta gefið þjáningu minni  
lausan tauminn,  
mun ég geta kallað  
háum rómi: „grimmúðga  
og vanþakkláta Dórilla“,  
og deyjja síðan.

Þá kemst ég á svarta bakka  
Akkeron-fljóts  
og lita öldur þess  
saklausu blóði,  
hrópandi á hefnd,  
og í skugga Bakkusarvédisa  
skal ég hefna mín.

### Aldrei var skuggi

Úr „Xerxes“

Xerxes:

Viðkvæmu og fögru greinar  
á mínum elskaða platanviði,  
örlögin brosa ljómandi við yður.  
Þrumur, eldingar og ofviðri  
rjúfa ekki ástkæran frið yðar.  
Né nálgast rángjarn vindur til að svívirða yður!

Aldrei var skuggi  
af gróðri  
kærari, indælli  
og blíðari.

### Lifðu, harðstjóri!

Úr „Rodelinda“

Bertarido:

Lifðu, harðstjóri!  
Ég bjargaði þér,  
lát mér þá blæða, vanþakkláti maður,  
gefðu heiðtinni lausan taum.  
Ég vildi bjarga þér  
bara til að sýna þér  
að hjarta mitt er stærra  
en auðna mín.

Íslensk þýðing: Reynir Axelsson

# Á döfinni

17.12 LAUGARDAGUR  
Kl. 14:00 & 16:00

18.12 SUNNUDAGUR  
Kl. 14:00 & 16:00

## Jólatónleikar Sinfóníunnar

Sannkölluð hátíðarstemning ríkir jafnan á Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og eru þeir á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar. Á tónleikunum í ár hljómar fjölbreytt tónlist sem hefur verið ómissandi í jólahaldi í gegnum tíðina. Einsöngvararnir Alexander Jarl Þorsteinsson, Björk Níelsdóttir og Kolbrún Völkudóttir ásamt Stúlknakór Reykjavíkur, Litlu sprotunum og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytja sígildar jólaperlur. Dansarar úr Listdanskóla Íslands svífa um Eldborg og hljóðfærahópar skipaðir ungu tónlistarfólki stíga á stökk. Kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirhærðsdóttur. Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta framhjá sér fara.

05.01 FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30

07.01 LAUGARDAGUR  
Kl. 16:00


06.01 FÖSTUDAGUR  
Kl. 19:30

07.01 LAUGARDAGUR  
Kl. 19:30

## Vínartónleikar

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru sannkölluð nýársveisla og sú glaðværa tónlist sem þar hljómar gefur tóninn fyrir nýtt ár. Í þetta sinn er það hin kanadíska Keri-Lynn Wilson sem stjórnar tónleikunum. Meðal verka sem hljóma á tónleikunum að þessu sinni eru valsar og polkar eftir Johann Strauss yngri, m.a. Keisaravalsinn og Dónárvalsinn, auk forleiksins að Leðurblökunni.

Tveir af helstu einsöngvurum sinnar kynslóðar koma fram á tónleikunum auk dansara, þau Jóhann Kristinsson sem hefur getið sér gott orð sem bæði ljóða- og óperusöngvari víða um heim og Álfheiður Erla Guðmundsdóttir, sem valin söngkona ársins á Íslensku tónlistarverðlauninum 2021 og er nú fastráðin við óperuna í Basel í Sviss.



# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Matthew Truscott  
Vera Panitch  
Rannveig Marta Sarc  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Joanna Bauer  
Amalie Kjaeldgaard  
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Justyna Bidler  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Þórdís Stross  
Kateryna Mysechko  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

## Víóla

Guðrún Hrund Harðardóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Anna Elísabet Sigurðardóttir

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Helga Björg Ágústsóttir

## Bassi

Xun Yang  
Þórir Jóhannsson

## Flauta

Áshildur Haraldsdóttir

## Óbó

Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## Klarínett

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason

## Fagott

Kayetan Cyganski  
Bryndís Þórsdóttir

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Joseph Ognibene

## Semball

Jonathan Cohen

---

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Halla Oddný Magnúsdóttir  
*listrænn ráðgjafi*  
Valdís Þorkelsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Jökull Torfason  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*

Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*  
Svanhvít Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Guðmundur Andrés Erlingsson  
*sviðs- og tæknimaður*

5., 6. OG 7. JAN  
2023

HARPA  
ELDBORG



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Vínartónleikar Sinfóníunnar

GEFA TÓNINN FYRIR NÝTT ÁR